

Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2022, miðvikudaginn 12. október kl. 09:10, hélt umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur 244. fund sinn. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð Ráðssal. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Alexandra Briem, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Birkir Ingibjartsson, Hildur Björnsdóttir, Kjartan Magnússon, Pawel Bartoszek og áheyrnarfulltrúarnir Ásta Þórdís Skjalddal Guðjónsdóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtalinn fulltrúi tekur sætti á fundinum með rafrænum hætti: Líf Magneudóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Björn Axelsson, Borghildur Sölvey Sturludóttir, Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Gunnar Hersveinn Sigursteinsson, Sigurjóna Guðnadóttir og Þórður Már Sigfússon. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Þetta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 6. október 2022.

2. Efra Breiðholt, hverfisskipulag, breyting á hverfisskipulagi vegna skilmálaeiningar 6.3.31 Mál nr. SN220617

Lagt er til að fella út tvær skilmálaeiningar úr hverfisskipulagi vegna skörunar við deiliskipulag Arnarnesveggar sbr. tillögu að breytingu á hverfisskipulagi fyrir Efra Breiðholt sem sett er fram á uppdrætti og í greinargerða dags. 30.04.2021 síðast br. 05.10 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar og auglýsingar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og/eða sveitarfélagsins.

Samþykkt með vísan til a. liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsins.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Skipulagsyfirvöld leggja til að fella út tvær skilmálaeiningar úr hverfisskipulagi vegna skörunar við deiliskipulag Arnarnesveggar sbr. tillögu að breytingu á hverfisskipulagi fyrir Efra Breiðholt sem sett er fram á uppdrætti og í greinargerða dags. 30.04.2021 br. 05.10 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar og auglýsingar þar sem hún varði ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og/eða sveitarfélagsins eins og segir í tillögunni. Þegar samþykkt liggur fyrir í umhverfis- og skipulagsráði þá er lagt til að bæði breytingartillögur fyrir hverfisskipulag og nýtt deiliskipulag fyrir Arnarnesveginn hljóti staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda samtímis. Flokkur fólksins mótmælir þessum vinnubrögðum og að halda eigi ótrautt áfram með 3ja áfanga Arnarnesveggar þrátt fyrir að málið sé enn í kærufarli. Aðgerðin stríðir auk þess gegn öllu því sem þessi og síðasti meirihluti og þessi segist standa fyrir. Byggja á aðgerðina á úreltu umhverfismati. Það er hvorki

umhverfislega né siðferðilega rétt að byggja svo stóra framkvæmd á tveggja áratuga gömlu umhverfismati. Vinir Vatnsendahvarfs og Vinir Kópavogs sem og Elliðaárdalsins hafa kært málið til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Seljahverfi, hverfisskipulag, breyting á hverfisskipulagi vegna skilmálaeiningar 6.2.26 Mál nr. SN220618

Lagt er til að fella út tvær skilmálaeiningar úr hverfisskipulagi vegna skörunar við deiliskipulag Arnarnesvegur sbr. tillögu að breytingu á hverfisskipulagi fyrir Seljahverfi sem sett er fram á uppdrætti og í greinargerða dags. 30.04.2021, síðast br. 05.10.2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar og auglýsingar þar sem hún varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og/eða sveitarfélagsins.

Samþykkt með vísan til a. liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs. Fulltrúi Vinstri grænna situr hjá við afgreiðslu málsins.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Skipulagsyfirlög leggja til að gerðar verði breytingar á hverfisskipulagi Efra Breiðholts og Seljahverfis og að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar og auglýsingar. Rökin eru sögð þau að hún varði ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og/eða sveitarfélagsins. Þegar samþykkt liggur fyrir í umhverfis- og skipulagsráði þá leggja skipulagsyfirlög það til að bæði breytingartillögur fyrir hverfisskipulag og nýtt deiliskipulag fyrir Arnarnesveginn hljóti staðfestingu í B-deild Stjórnartíðinda samtímis. Hér er gróflaga farið áfram með aðgerð sem ekki einu sinni hefur verið útkljáð í kærufarli. Vinir Vatnsendahvarfs og Vinir Kópavogs sem og Elliðaárdalsins hafa kært málið til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Flokkur fólksins mótmælir þessum vinnubrögðum og skorti á samráði við íbúa í nágrenni Vatnsendahvarfs sem og fleiri hagaðila. Aðgerðin er í hrópandi ósamræmi við allt tal um Grænt plan. Flokkur fólksins hefur margrætt þetta mál í borgarstjórn og þá helst að nauðsynlegt sé að gera nýtt umhverfismat. Í aðdraganda kosninga var því lofað, af Framsókn, á fundi með Náttúruvinum Reykjavíkur að gert yrði nýtt umhverfismat fyrir 3. kafla Arnarnesvegur, enda hvorki umhverfislega né siðferðilega rétt að byggja svo stóra framkvæmd á tveggja áratuga gömlu umhverfismati.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Arnarnesvegur, nýtt deiliskipulag, bréf Skipulagsstofnunar (04.9) Mál nr. SN210221

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar dags. 25. ágúst 2022 þar sem ekki er gerð athugasemd við birtingu auglýsinga um samþykkt deiliskipulags-breytingarinnar í B-deild Stjórnartíðinda þegar gengið hefur verið frá skipulagsmörkum Seljahverfis og Efra Breiðholts til samræmis deiliskipulags-svæðis 3. áfanga Arnarnesvegur. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. september 2022.

- Kl. 9:16 aftengist Líf Magneudóttir fundinum rafrænt og tekur sæti á fundinum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Áfram er haldið áfram með Arnarnesveginn og ekkert umhverfismat. Flokki fólksins finnst áhugavert orðalagið „Lagt er til að tillagan verði samþykkt án grenndarkynningar og auglýsingar þar sem hún varði ekki hagsmuni annarra en umsækjanda og/eða sveitarfélagsins.“ Eiga sem sagt íbúar sem nýta sér þetta svæði til útivistar engra hagsmuna að gæta? Alveg ljóst er að ekki er áhugi á að hlusta á hvað fólki finnst um þetta mál og greinilega enginn áhugi á nýju umhverfismati. Málið er í kærufarli. Það er lágmark að biðja eftir niðurstöðu úr því ferli. Flokkur fólksins mótmælir þessu vinnubrögðum og skorti á samráði við íbúa í nágrenni Vatnsendahvarfs sem og fleiri hagaðila. Aðgerðin er í hrópandi ósamræmi við allt tal um grænt plan. Flokkur fólksins hefur margrætt þetta mál í borgarstjórn og þá helst að gera skuli skilyrðislaust nýtt umhverfismati. Þetta á að gera þrátt fyrir að Framsókn hafi lofað á fundi með Náttúruvinum Reykjavíkur að gert yrði nýtt umhverfismat fyrir 3. kafla Arnarnesvegar. Það er hvorki umhverfislega né siðferðilega rétt að byggja svo stóra framkvæmd á tveggja áratuga gömlu umhverfismati.

5. Sóltún 2-4, breyting á deiliskipulagi (01.233.101) Mál nr. SN210452

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Studio Nexus slf. f.h. Sóltúns 2-4 ehf. dags. 16. júní 2021 um breytingu á deiliskipulagi Ármannsreits, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 2-4 við Sóltún. Breytingin sem lögð er til felst í meginatriðum í því að lóðinni er skipt upp til tveggja nota annarsvegar hjúkrunarheimili í nr. 2 og íbúðir í nr. 4. Breytingar varðandi húshluta nr. 2 eru að tvær álmur eru lengdar til að bæta við hjúkrunarrýmum, 5. hæðinni er bætt við að hluta og kjallarin er stækkaður. Breytingar varðandi húshluta nr. 4 eru þær að formi byggingareits er breytt og notkun er breytt úr hjúkrunarheimili yfir í íbúðir, hæðar heimild er breytt úr 4 hæðum í 5 hæða hús með 6. hæð að hluta. Byggingarmagn og sérskilmálar eru uppfærðir m.v. þetta og bílastæðaskilmálar eru uppfærðir fyrir Sóltún 4, samkvæmt uppdr. Studio Nexus slf. dags. 10. júní 2021, síðast breytt 22. febrúar 2022. Einnig er lögð fram breytt tillaga Studio Nexus, móttækin 19. nóvember 2021, þar sem m.a. húsformi er breytt og samgöngumat unnið af VSÓ dags. febrúar 2022. Tillagan var auglýst frá 23. mars 2022 til og með 11. maí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Helgi Gunnlaugsson dags. 25. apríl 2022, Þ. Toggi Björnsson dags. 25. apríl 2022, Steinþór Steingrímsson og Sólveig Hlín Kristjánsdóttir dags. 25. apríl 2022, Einar Karl Kristjánsson dags. 26. apríl 2022, Tryggvi Magnússon dags. 28. apríl 2022, 21 íbúðaeigendur að Mánatúni 2 dags. 2. maí 2022, Jónína S. Pálmadóttir dags. 5. maí 2022, Harald Isaksen dags. 5. maí 2022, Þórunn Selma Þórðardóttir dags. 8. maí 2022, Böðvar Freyr Stefnisson og Snædís Jóhannesdóttir dags. 9. maí 2022, Rakel Ármansdóttir, Birna Ketilsdóttir og Halla Bogadóttir fh. húsfélagsins Mánatún 6 dags. 9. maí 2022, Stefán Rafn Geirsson dags. 9. maí 2022, Dóra Stefánsdóttir, dags. 9. maí 2022, Emilía Örlygsdóttir og Ómar Örn Hauksson dags. 9. maí 2022, Waldorfleikskólinn Sólstafir dags. 10. maí 2022, 21 íbúðareigendur í Mánatúni 4 dags. 10. maí 2022, Jóhann P. Jónsson dags. 10. maí 2022, Eiríkur G. Guðmundsson dags. 10. maí 2022, stjórn íbúasamtaka Laugardals dags. 11. maí 2022, Margrét Birgisdóttir, Árni Hallgrímsson dags. 11. maí 2022. Einnig er lögð fram umsögn Veitna dags. 5. maí 2022 og umsögn íbúaráðs Laugardals dags. 10. maí 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.

Frestað.

6. Starhagi 11, breyting á deiliskipulagi (01.555.2) Mál nr. SN220581

Lögð fram umsókn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 21. september 2022, um breytingu á deiliskipulagi Starhaga-Þormódsstaðavegar vegna lóðarinnar nr. 11 við Starhaga. Í breytingunni sem lögð er til felst stækkun lóðarinnar ásamt stækkun á leikskólanum Sæborg, samkvæmt uppdr. A arkitekta dags. 19. september 2022. Einnig er lagt fram bréf A arkitekta dags. 19. september 2022. Lagt er til að tillagan verði afgreidd í auglýsingu.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Vísað til borgarráðs.

7. Suðurlandsvegur, skipulagslýsing, kynning (05.8) Mál nr. SN220392

Að lokinni kynningu er lögð fram að nýju skipulagslýsing EFLU verkfræðistofu fh. umhverfis- og skipulagssvið, skipulagsfulltrúa, dags. 22. júní 2022, fyrir nýtt deiliskipulag Suðurlandsvegar, frá vegamótum við Bæjarháls að sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ nálægt Hólmsá, veghelgunarsvæði hans og gatnamót á þessari leið. Vegagerðin áformar í samvinnu við borgina að tvöfalda Suðurlandsveg og er markmið framkvæmdar að auka umferðaröryggi allra fararmáta og tryggja greiðari leið umferðar um Suðurlandsveg með því að aðskilja akstursstefnur. Lagður verður 2+2 vegur, tengingum fækkað frá því sem nú er, þrenn mismislag vegamót gerð og gerðir nýir reið-, hjóla- og göngustígar. Vegurinn verður lagður í allt að fimm áföngum og nær deiliskipulagið til fyrstu tveggja áfanganna. Lýsingin var kynnt frá 19. júlí 2022 til og með 31. ágúst 2022. Eftirtaldir sendu ábendingu/umsögn: Vegagerðin dags. 21. júlí 2022, Minjastofnun Íslands dags. 23. ágúst 2022, Náttúrufræðistofnun Íslands dags. 25. apríl 2022, reiðveganefnd Fáks dags. 25. ágúst 2022, Reiðveganefnd SV-svæðis dags. 26. ágúst 2022, Finnur Kristinsson dags. 29. ágúst 2022, Ólafur Kr. Guðmundsson dags. 30. ágúst 2022, Sveinbjörn Guðjohnsen og fjölskylda dags. 30. ágúst 2022, Skógræktarfélag Reykjavíkur dags. 30. ágúst 2022, Veitur ohf. dags. 31. ágúst 2022 og Skipulagsstofnun dags. 1. september 2022. Einnig er lagt fram yfirlit yfir innsendar athugasemdir dags. 7. október 2022.

Athugasemdir og ábendingar kynntar.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Skipulagsyfirvöld leggja til nýtt deiliskipulag Suðurlandsvegar. Athugasemdir koma mest frá þeim sem nota nú svæðið til starfsemi og útivistar. Flokkur fólksins hvetur til þess að tekið verði tillit til þeirra, en þessi framkvæmd mun bæta umferðarflæði og umferðaröryggi og er því ásættanleg.

Björn Ingi Edvardsson verkefnastjóri og tekur sæti á fundinum undir þessum lið. Hrafnhildur Brynjólfsdóttir, skipulagsfræðingur hjá EFLU tekur sæti á fundinum með rafrænum hætti.

(B) Byggingarmál

8. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, fundargerðir Mál nr. BN045423

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 4. október 2022.

9. Dyngjuvegur 18, Bráðabirgðahúsnæði - leikskóli (01.384.305) Mál nr. BN061051

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til að setja niður færnanlegar kennslustofur, sex deilda leikskóla fyrir 100 börn á meðan unnið er að endurbótum núverandi mannvirkja á lóð. Um er að ræða einingarhús á einni hæð með stjórnunarrými, sérkennslurými, móttökueldhúsi og stoðrymum, staðsett á núverandi bílastæði sunnan við hús á lóð nr. 18 við Dyngjuveg sbr. aðaluppdrætti dags. 20. júlí 2022. Erindið var grenndarkynnt frá 30. ágúst 2022 til og með 27. september 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sigurður Baldursson, Kristín Bernharðsdóttir og Þórður Ásmundsson dags. 27. september 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022.
Vísað til fullnaðarafgreiðslu byggingarfulltrúa.

10. Brekkustígur 9, Stækkun húss og breyting lóðar (01.134.202) Mál nr. BN057519

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til að endurbyggja og hækka hús og byggja stigahús á bakhlið einbýlishúss á lóð nr. 9 við Brekkustíg sbr. uppdrætti dags. 8. mars 2022. Erindið var grenndarkynnt frá 14. júní 2022 til og með 13. júlí 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Sigrún Baldvinsdóttir dags. 5. júlí 2022, Þorsteinn Geirharðsson dags. 11. júlí 2022 og Kjartan Sveinsson og María Huld Markan Sigfúsdóttir dags. 13. júlí 2022. Einnig eru lögð fram ítarlegri gögn Kanon arkitekta ehf. dags. 20. september 2022 vegna hækkunar húss og skuggavarps. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 29. september 2022. Lagt er til að tillagan verði samþykkt.

Frestað.

Hrafnhildur Sverrisdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

(E) Umhverfis- og samgöngumál

11. Niðurstöður náttúruvafarsúttekta sumarið 2022, kynning Mál nr. US220224

Kynning á niðurstöðum náttúruvafarsúttekta sumarið 2022

Frestað.

(D) Ýmis mál

12. Borgarhönnunarstefna, starfshópur Mál nr. US220242

Lagt fram erindisbréf, dags. 7. október 2022 um starfshóp um borgarhönnunarstefnu. Borgarhönnunarstefnan skal taka á efnislegum gæðum borgarrýmisins, efnisvali, rýmismyndun, gróðri og gæðum dvalarsvæða og leiksvæða. Við hönnun bygginga skal meðal annars lögð áhersla á birtuskilyrði, gæði dvalarrýma og fjölbreytni. Vinnan verði í takti við fyrirliggjandi stefnur borgarinnar. Leiðarljós stefnunnar verði græn lífsgæðaborg í samræmi við Aðalskipulag Reykjavíkur.

Samþykkt.

13. Gefjunarbrunnur 12, Kæra 109/2022 (02.695.4) Mál nr. SN220621

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 30. september 2022 ásamt kæru dags. 28. september 2022 þar sem kærð er

ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík og eftirlitsdeildar USK að aðhafast ekkert vegna kvartana kæranda varðandi hurð, aðkomu og geymslupláss að Gefjunarbrunni 12.

14. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um minni grasslátt á umferðareyjum, umsögn (MSS22070057) Mál nr. US220217

Lögð fram að nýju tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að Reykjavíkurborg hætti að slá gras á mönum og umferðareyjum, sbr. 9 liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 21. september 2022, sbr. 51. liður fundargerðar borgarráðs, dags. 7. júlí 2022, ásamt umsögn skrifstofu umhverfisgæða, dags. 4. október 2022.

Samþykkt að vísa tillögunni til meðferðar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, inn í vinnu við frekari áform um að breyta slegnum svæðum á vegum borgarinnar.

15. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands, um staðsetningu bílastæðahúsa við tengistöðvar almenningsgangna - umsögn Mál nr. US220174

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um staðsetningu bílastæðahúsa við tengistöðvar almenningsgangna, sbr. 57. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. ágúst 2022. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. október 2022

16. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um hreinsun, svar (USK22080112) Mál nr. US220168

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hreinsun, sbr. 59. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 10. ágúst 2022 ásamt greinargerð. Einnig er lagt fram svar skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlands, dags. 6. október 2022.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Tæming sorpstampa virðist einfaldlega ekki vera nægilega markviss og tíð. Í svari kemur fram að við verkefnið að losa ruslastampa austan Elliðaáa þar með talið í Seljahverfi séu notaðir tveir bílar, en ábendingum um yfirfulla stampa er brugðist við með öðrum flokkabílum. Þar sem ábendingar eru tíðar verður að telja líklegt að bæta verði reglulega tæmingu, jafnvel þótt það kosti þriðja bílinn. Regluleg vinnubrögð er alla jafna mun hagkvæmari en að bregðast við þegar í óefni er komið.

17. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um sorpkostnað (USK22090138) Mál nr. US220189

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sorpkostnað sbr. 29. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. ágúst 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

18. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um stafræna umbreytingu á umhverfis- og skipulagssviði (USK22090142) Mál nr. US220191

Lögð fram að nýju fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um stafræna umbreytingu á umhverfis- og skipulagssviði, sbr. 30. lið fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 24. ágúst 2022.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

19. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi tillögu, um aðstöðu strætisvagnafarþega við flugstöðina á Reykjavíkflugvelli Mál nr. US220243

Lagt er til að aðstaða strætisvagnafarþega verði bætt við flugstöðina á Reykjavíkflugvelli en sú aðstaða er nú óviðunandi. Vel merkt gangbraut verði lögð frá farþegaafgreiðslu flugstöðvarinnar að strætisvagnabiðstöðinni, sem er í um 150 metra fjarlægð. Þá verði lýsingu og gangstéttum bætt við á umræddri leið þar sem þörf krefur.

Frestað.

- Kl. 10:41 víkja Hildur Björnsdóttir og Kolbrún Baldursdóttir af fundi.
20. Fulltrúi Vinstri grænna leggur fram svohljóðandi tillögu, um frestun á ráðningu framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur Mál nr. US220244

Umhverfis- og skipulagsráð samþykkir að fresta ráðningu framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) og skoða kosti þess að sameina HER við önnur heilbrigðiseftirlit á höfuðborgarsvæðinu (HEF) og jafnvel á Suðurnesjum.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs.

**Fleira gerðist ekki.
Fundi slitið kl. 10:54**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Alexandra Briem

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Kjartan Magnússon
Pawel Bartoszek

Birkir Ingibjartsson
Líf Magneudóttir

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2022, þriðjudaginn 4. október kl. 10:00 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1182. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Snædís Karlsdóttir Bergmann, Erna Hrönn Geirsdóttir og Guðrún Ósk Hrólfsdóttir. Snædís Karlsdóttir Bergmann vék af fundi kl.11:00 og Erna Hrönn Geirsdóttir tók við. Snædís Karlsdóttir Bergmann mætti aftur kl. 13:00. Fundarritari var Snædís Karlsdóttir Bergmann.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Arkarvogur 2 (14.514.01) 105601 Mál nr. BN061540
710817-0810 ÞG hús ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054742, þ.e. uppfærður texti brunavarna í byggingarlýsingu til samræmis við brunavarnaskýrslu fyrir hús Arkarvogs nr. 2-12 á lóð nr. 2 við Arkarvog.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnaeftirlits.
2. Álfaland 15 (18.473.07) 108734 Mál nr. BN061548
590204-2930 Rekstur og fjármál ehf., Starmýri 6, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þannig að eldhús er fært, komið fyrir þremur herbergjum og nýju baðherbergi, í húsi á lóð nr. 15 við Álfaland.
Gjald kr. 13.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
3. Ármúli 4-6 (12.900.01) 103751 Mál nr. BN061428
521009-1010 Reginn atvinnuhúsnæði ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060954, þ.e. við suðurgafli er bætt við flóttastiga og útveggir klæddir áklæðningu, viðbyggingu ásamt lyftuhúsi á austurhlíð og endurnýjun glugga í matshluta nr. 02 í húsi nr. 6 á lóð nr. 4-6 við Ármúla.
Stækkun: 37,7 ferm., 136,9 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á smækkuðu afriti teikninga hönnuðar dags. 3. maí 2022, afrit aðaluppdráttar samþykktir þann 14. desember 1995, 27. apríl 1995 og 6. október 1998, yfirlýsing eigenda dags. 22. ágúst 2022 og greinargerð brunahönnuðar dags. 22. ágúst 2022.
Gjald kr.12.600
Frestað.
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu. Vísað til uppdráttar nr. 301-4, 302-4, 303-4, 304-2, 305-2 dags. 3. maí 2022, breytt 19. september 2022.
4. Barmahlíð 51 (17.100.23) 107138 Mál nr. BN060964
Eyvindur Kristjánsson, Barmahlíð 51, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að koma fyrir nýrri hurð, grafa frá og gera verönd við suðurhlíð íbúðar 0001 í íbúðarhúsi á lóð nr. 51 við Barmahlíð.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda í hús á afriti af teikningu A-101 dags 7. apríl 2022.

Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á afriti aðaluppdráttar sem samþykktir voru þann 10. apríl 2001.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Vísað til athugasemda.

5. Bergstaðastræti 57 (11.864.09) 102284 Mál nr. BN061486
Katrín Oddsdóttir, Bergstaðastræti 57, 101 Reykjavík
Kristín Eysteinsdóttir, Bergstaðastræti 57, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi og útliti og til að færa til upprunalegs horfs, glugga og klæðningu einbýlishúss á lóð nr. 57 við Bergstaðastræti.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 15. september 2022.
Stærð: 182,2 ferm., 381,4 rúmm.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa - vegna breytinga á ytra byrði
6. Borgartún 8-16A (12.201.07) 199350 Mál nr. BN061448
630109-1080 Reginn hf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi og innrétta kælda sorpgeymslu, -107, með því að opna á milli rýma -107 og -108 í kjallara Katrínartúns 2, á lóð nr. 8-16A við Borgartún.
Gjald kr. 12.800
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. Brekknaás 2 233075 Mál nr. BN061534
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýli að Brekknaás 8, mhl. 01, með 12 íbúðum í notk.fl.3, á jarðhæð er hjólageymsla og inntaksrými, 12 stæði eru á lóð, eitt stæði f. hreyfihamlaða ásamt rafhleðslu. Djúpgámar eru skv. skipulagi.
Stærðir:
Mhl.01: 884,1 ferm., 2945 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar dags. 26. september 2022, útreikningu varmataps dags. 24. september 2022 og greinargerð brunahönnunar dags. 23.08.2022
Gjald kr.12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
8. Brekknaás 4 233076 Mál nr. BN061535
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýli að Brekknaás 8, mhl. 01, með 12 íbúðum í notk.fl.3, á jarðhæð er hjólageymsla og inntaksrými, 12 stæði eru á lóð, eitt stæði f. hreyfihamlaða ásamt rafhleðslu. Djúpgámar eru skv. skipulagi.
Stærðir:
Mhl.01: 893,6 ferm., 2163,18 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar dags. 26. september 2022, útreikningu varmataps dags. 24. september 2022 og greinargerð brunahönnunar dags. 23.08.2022

Gjald kr.12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

9. Brekknaás 8 233079 Mál nr. BN061536
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja hæða fjölbýli að Brekknaás 8, mhl. 01, með 12 íbúðum í notk.fl.3, á jarðhæð er hjólageymsla og inntaksrými, 12 stæði eru á lóð, eitt stæði f. hreyfihamlaða ásamt rafhleðslu. Djúpgámar eru skv. skipulagi.
Stærðir:
Mhl.01: 893,6 ferm., 2163,18 rúmm.
Erindi fylgir greinargerð hljóðvistar dags. 26. september 2022, útreikningu varmataps dags. 24. september 2022 og greinargerð brunahönnunar dags. 23.08.2022
Gjald kr.12.600
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
10. Bústaðavegur 20 (17.601.01) 107475 Mál nr. BN061493
420318-0300 Hlöllabátar ehf., Háholti 14, 270 Mosfellsbær
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, komið fyrir tveimur veitingaverslunum í flokki [?], tegund [?] í stað verslunar í húsi á lóð nr. 20 við Bústaðaveg.
Erindi fylgir bréf hönnuðar, samantekt breytinga dags. 14. september 2022.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
11. Drápuhlíð 38 (17.130.07) 107218 Mál nr. BN061499
Freyr Halldórsson, Drápuhlíð 38, 105 Reykjavík
Dagmar Kristín Hannesdóttir, Drápuhlíð 38, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057427, þ.e. skipulag lóðar framan og aftan við bílskúr í matshluta nr. 02 við hús á lóð nr. 38 við Drápuhlíð.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. Dugguvogur 4 (01.452.201) 105608 Mál nr. BN061386
470717-0330 Dugguvogur 4 ehf., Dugguvogi 4, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060761 vegna lokaúttektar, þ.e. flóttastiga á suðurhlíð snúíð, fallið frá uppsetningu milliveggja í suðvestur horni 2. hæðar, hurð sett í vegg sem áður var op, kaffiaðstöðu starfsmanna breytt, flóttaleiðir einfaldaðar og bætt við milliveggjum á 2. hæð fyrir 125 gesti í húsi á lóð nr. 4 við Dugguvog.
Gjald kr. 12.600
Frestað.
Er í skipulagsferli.
13. Einarsnes 36 (16.720.01) 106792 Mál nr. BN061395
541220-0700 Íslandsturnar hf., Borgartúni 26, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til uppsetningar á fjarskiptamastri sem koma á fyrir á steinsteyptan reykþáf húss á lóð nr. 36 við Einarsnes.
Erindi fylgir umboð eiganda mhl.01 dags. 26. ágúst 2022.
Erindi fylgir afrit fundargerðar húsfélags þar sem umfjöllunarefni breytinga er samþykkt dags. 23. september 2022.
Gjald kr.12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

14. Engjateigur 17-19 (13.673.03) 104714 Mál nr. BN061513
591289-3309 Heilsan 15.1 ehf., Barðastöðum 67, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir breytingum á erindi vegna lokaúttektar BN060348, þ.e. loftræsiháfur frá pizzaofni beint frá ofni og upp úr þaki og gasgeymslu í þar til gerðum stálskáp, veitingastaður í flokki II, tegund a, fyrir 100 gesti í húsi á lóð nr. 17-19 við Engjateig.
Erindi fylgir bréf hönnuðar, samantekt breytinga dags. 20. september 2022.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
16. Engjavegur 13 (13.920.01) 172992 Mál nr. BN061374
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að færa núverandi skála sem var hluti matshluta nr. 10, skálinn verði reistur á staðsteypa sökklá og botnplötu gegnt selalaug garðsins, til stendur að nýta skálann undir smádýr, matshluti nr. 14 á lóð nr. 13 við Engjaveg.
Stækkun: 211,4 ferm., 865,8 rúmm.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 29. september 2022 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 30. september 2022.
Gjald kr. 12.600
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
17. Grjótháls 1-3 (43.024.01) 111016 Mál nr. BN061547
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta aðkomu að bílplani, þannig að fækkað er innkeyrslum úr þremur í tvær og bílastæðum fækkað á lóð um 6 stæði og hætta við að stalla niður lóðarmörk en gera í staðinn stoðvegg með handriði, sem liggur á lóðarmörkum, við húsið á lóð nr. 1-3 við Grjótháls.
Gjald kr. 13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
18. Hagamelur 47-49 (15.260.03) 106071 Mál nr. BN061550
Jens Þórðarson, Hagamelur 49, 107 Reykjavík
Erna Kristín Blöndal, Hagamelur 49, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta skipulagi lóðar, þ.e. skjólveggir endurbyggðir og hækkaðir, komið fyrir heitum potti og gufubaðshúsi við norðvestur lóðarmörk og á suðvestur hlið er gluggi sikkadur og komið fyrir rennihurð, eldstæði og opnanlegri pergólu við húsið nr. 49 á lóð nr. 47-49 við Hagamel.
Stækkun: xx,x ferm., xx,x rúmm.
Erindi fylgir ódagsett, undirritað bréf eigenda og meðlóðarhafa.
Gjald kr.13.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
